

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 1150 frá 15. maí 1975, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 15. maí 1975.

F. h. r.

Yngvi Ólafsson.

Gylfi Knudsen.

6. maí 1975.

Nr. 204.

AUGLÝSING

um merkingu unninna kjötvara sem seldar eru í smásölu.

1. gr.

Skylt er að merkja allar unnar kjötvörur sem seldar eru í smásölu í neytendaumbúðum hér á landi. Auglýsing þessi tekur þó ekki til niðursoðinna kjötvara.

2. gr.

Á eða í umbúðum vörunnar skulu vera greinilegar upplýsingar á íslensku, sem lesa má án þess að rjúfa umbúðir, (vörumerkingarseðill), um eftirtalin atriði:

- a) Heiti vörunnar og framleiðsluhátt.
- b) Samsetningu vörunnar, ef um samsetta vöru er að ræða, svo og aukefni. Æskilegt er að tilgreina næringargildi.
- c) Geymsluaðferð og meðferð fyrir neyslu.
- d) Nettóþyngd innihalds og eftir atvikum einingarfjöldi.
- e) Einingarverð og söluverð vörunnar.
- f) Nafn og heimilisfang framleiðanda vörunnar og/eða þess aðila sem búið hefur um vöruna.
- g) Þökkunardag vörunnar. Tilgreina skal síðasta söludag sé þess nokkur kostur.

3. gr.

Um merkingar vara á grundvelli auglýsingar þessarar og aðra framkvæmd fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og ákvæðum reglugerðar nr. 284 frá 19. september 1973, um merkingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara sem seldar eru í smásölu.